



Afmæliskeðja frá forseta Íslands

Saga Fiskifélags Íslands er samofin framförum þjóðarinnar á síðustu öld, ævintýrinu sem færði samfélag sjómanna og bænda úr fjötrum fátæktar á braut uppbyggingar, árangurs sem skipaði Íslendingum til jafns við þá sem fremstir standa.

Sjávarútvegur og fiskvinnsla lögðu til eldsneytið í þessa vegferð og því skiptu skipulag og vinnubrögð sköpum á þeim vettvangi. Fiskifélagið varð þegar á tímum sjálfstæðisbaráttunnar kjölfestan sem treysti samvinnu og miðlaði fræðslu og framtíðarsýn.

Þótt lýðveldi væri stofnað á Þingvöllum árið 1944 voru efnahagslegar undirstöður hins unga ríkis ærið veikar. Framfarir í nýtingu auðlinda hafsins og sigrarnir í baráttunni fyrir útfærslu landhelginnar styrktu þær til muna. Þar var Fiskifélagið í framvarðarsveit, safnaði efniviði sem nýttist vel og veitti forystu sem oft réði úrslitum.

Íslendingar þurfa að þekkja sögu sína, finna þar leiðarvísa í vegferð okkar um nýjar slóðir. Þótt margt sé breytt frá stofnun Fiskifélagsins er frásögnin af verkum þess kærkomið og gagnlegt veganesti.

Án fiskveiða værum við ekki þjóð meðal þjóða, sjálfstætt ríki á nýrri öld umbreytinga. Þjóðarskútan hefur sannarlega siglt þöndum seglum og þar hefur Fiskifélagið verið traust siglutré. Saga þess er því þjóðarsaga.